

127. löggjafarþing 2001–2002.  
Þskj. 225 — 182. mál.

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um rannsókn óupplýstra mannhvarfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Ætlar ráðherra að beita sér fyrir frekari rannsókn óupplýstra mannhvarfa, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn um mannhvörf á 125. löggjafarþingi (þskj. 286, 142. mál) þar sem fram kemur að samkvæmt bráðabirgðasamantekt séu 42 mannhvörf frá árunum 1945–1999 óupplýst ef frá eru taldir þeir sem hafa farist við störf á sjó? Ef svo er, hvernig hyggst ráðherra gera það?*

Rannsókn á mannhvörfum er í höndum viðkomandi lögreglustjóra. Komi ekkert fram við rannsókn er málið hvílt að henni lokinni. Komi fram nýjar vísbendingar um málið síðar er það tekið upp að nýju. Embætti ríkislögreglustjóra heldur miðlæga skrá yfir mannhvörf og er hún notuð sem hjálpargagn ef líkamsleifar finnast, t.d. í sjó eða fjöru. Ekki er á döfnni nein breyting á þessu fyrirkomulagi.